

Mál nr. 362/2012
M og
Vátryggingafélagið V-1 v. A og
Vátryggingafélagið V-2 v. B

Árekstur bifreiða á Bitruhálsi í Reykjavík þ. 12.6.2012.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 17.7.2012 ásamt fylgiskjöllum 1-5
2. Bréf V-1 dags. 14.8.2012.
3. Tölvupóstsamskipti og bréf V-2 dags. 4.9.2012.

Málsatvik.

Bifreiðunum var ekið úr gagnstæðum áttum eftir Bitruhálsi. Ökumaður A beygði til vinstri í veg fyrir B og árekstur varð. Ökumaður A segist hafa ætlað að beygja austur Fossháls og verið byrjaður að beygja en þá séð til ferða B koma á móti sér á rífandi siglingu og hafi reynt að koma í veg fyrir árekstur en ekki tekist. Ökumaður B telur sig hafa ekið á 70 km. hraða og skyndilega séð A og lent á vinstra afturhorni A. Af hálfu M er því haldið fram að ökumaður B hafi ekið allt of hratt og áreksturinn megi rekja til ofsaksturs ökumanns B.

Álit.

Ökumaður A beygði til vinstri án þess að gæta nægjanlega vel að umferð sem á móti kom og ber því sök á árekstrinum. Hámarkshraði á akbraut þar sem áreksturinn varð eru 50 kílómetrar á klukkustund og viðurkennt og ljóst af gögnum málsins að ökumaður B ók töluvert yfir leyfilegum hámarkshraða og ber því einnig sök á árekstrinum. Við mat á sakarskiptingu að virtum gögnum málsins er ekki forsenda til að leggja sök á annann ökumann umfram hinn. Sök er því skipt til helminga.

Niðurstaða.

Hvor ökumaður ber helming sakar.

Reykjavík 18.9.2012.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Jón Magnússon hrl.